

Mál nr. 452/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttakið 28. nóvember 2025, ásamt fylgiskjöllum.
2. Athugasemdir V, dags. 5. desember 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 8. desember 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 3. febrúar 2024 hafi M verið stödd í íþróttamiðstöð X á handboltamóti. Um klukkan 13:00 þann dag hafi M verið beðin um að koma að inngangi íþróttamiðstöðvarinnar þar sem móðir M hafði fallið í hálfu þar fyrir utan. M fór af stað til að aðstoða móður sína og rann einnig í hálkunni og féll í jörðina og hlaut brot á vinstri hendi. Að sögn M og vitna var mikil hálfu þar fyrir utan og ekki var búið að sanda eða salta gönguleiðina. Þá voru engin viðvörunarmerki til að vekja athygli á hættunni. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Af hálfu V var bótaskylda hafnað á grundvelli þess að stéttin hafi verið auð og upphituð að morgni slysdagsins. Mikið hafi snjóað um hádegið sem leiddi til hálkumyndunar. Byggir M á því að slysið megi rekja til saknæmrrar háttsemi X. Á fasteignareigendum hvíli rík aðgæsluskylda til þess að rækja viðhald og umhirðu á fasteigninni til þess að koma í veg fyrir það að þeir sem eigi erindi í fasteignina eða eigi leið hjá verði fyrir tjóni. Vísar M til reglna um öryggi í íþróttahúsum þar sem fram kemur í 3. málslíð 4. gr. að tryggja þurfi hálfuvarnir og að öll aðkoma að íþróttahúsi sé sem hindrunarminnst. Þá sé einnig tekið fram í 54. gr. þágildandi reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 að tryggja skuli öryggi þeirra sem koma í íþróttahús. Þegar viðburður er í gangi eða önnur þjónusta sem fólk sækir, þurfi fasteignareigandi að vera viðbúinn því að bregðast við hálfuvarnir til að tryggja fyllsta öryggi gesta sinna. Hér var um aðalinngang að íþróttamiðstöðinni að ræða sem margir eigi leið um, sérstaklega meðan á viðburði stendur. Hefði starfsmaður X því átt að bregðast við sjónkomunni með því að setja skilti til að vara við hálfu, sanda og salta. Þessu til stuðnings vísar M til öryggis- og eftirlitshandbókar fyrir íþróttahús frá 2003 þar sem finna má tékklista m.a. fyrir hálfuvarnir. Máli sínu til stuðnings vísar M til dóms Hæstaréttar í máli nr. 251/2005. Þá vísar M til veðurfarsgagna frá Veðurstofu Íslands þar sem sjá megi að á slysdegi hafi hitastigið verið frá -0,8 til -5,8°C. Þannig hafi skýrt legið fyrir samkvæmt skráðum gögnum að kuldi hafi verið í kortunum þennan dag. Telur M því slys sitt bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

V vísar til þess að skylda á herðar fasteignareigendum og umráðamönnum fasteigna sé ekki ótakmörkuð og ekki sé hægt að ætlast til að gönguleiðir séu fullkomlega hálfufriar á öllum stundum, sérstaklega í óblíðu veðri. Vegfarendur beri sjálfir ábyrgð á að sýna aðgæslu og gera ráðstafanir til að forðast slys í hálfu, t.d. með víðeigandi skóbúnaði. V byggir á því að X hafi sinnt skyldum sínum um hálfuvarnir með fullnægjandi hætti þennan dag. Fyrir liggir að snjóbræðslukerfi sé í stéttinni fyrir utan innganginn og að stéttin hafi verið auð og morgni slysdags. Í ljósi þess að um var að ræða febrúarmánuð á Íslandi, þar sem veðurfar geti verið óútreiknanlegt, sé óraunhæft að ætlast til þess að umráðamenn fasteigna geti haldið öllum útsvæðum algjörlega hálfufríum allan sólarhringinn. Dómaframkvæmd hafi sýnt fram á að ekki sé hægt að ætlast til stöðugs eftirlits og tafarlausra viðbragða við öllum veðurbreytingum. V telur að M hafi sjálf borið eigin sök á slysinu eða að um hafi verið að ræða óhappatívik. Vísar V máli sínu til stuðnings til úrskurða nefndarinnar í málum nr. 236/2009 og 14/2024, dóms Landréttar í máli nr. 157/2024 og dóms Hæstaréttar í máli nr. 251/2005.

Í viðbótarathugasemdum sínum ítrekar M fyrri rökstuðning sinn og bætir við að þó skylda til að tryggja hálfuvarnir sé ekki ótakmörkuð sé ekki til of mikils ætlast að þegar íþróttaviðburður sé haldinn og greinilega kuldaspá í kortum, hefði mátt strá sandi og/eða salti á stéttina. Fyrir liggir að snjóbræðslan dugði ekki til að fyrirbyggja þær hættulegu aðstæður sem sköpuðust. Hafnar M því að slysið megi rekja til óhappatíviks og/eða eigin sakar M.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. Almennt verður að gera ríkar kröfur til eigenda og umráðamanna fasteigna þar sem rekin er þjónusta um að gera þær ráðstafanir sem sanngjarnt er að ætlast til að tryggja öryggi þeirra sem leið eiga um fasteignina, einkum þegar viðburðir eru haldnir. Ábyrgð fasteignareiganda er þó ekki hlutlæg, heldur verður að meta í hverju tilviki hvort atvik séu með þeim hætti að um saknæma háttsemi sé að ræða. Af fyrirbyggjandi veðurgögnum verður ráðið að lofthiti hafi verið sambærilegur að morgni slysdags og þegar slysið varð. Lofthiti klukkan 8 um morguninn var um -3°C og þegar slysið varð um klukkan 13 var hann um $-2,9^{\circ}\text{C}$. Ekki liggja fyrir gögn sem sýna fram á skyndilega veðurbreytingu eða sérstakar aðstæður sem hefðu kallað á auknið eftirlit eða tafarlaus viðbrögð af hálfu starfsmanna X. Fyrir liggur samkvæmt upplýsingum frá X að snjóbræðslukerfi var í stéttinni við inngang íþróttamiðstöðvarinnar og að stéttin hafi verið auð fyrir um morguninn. Ekki liggja fyrir gögn sem benda til þess að starfsmenn X hafi vitað eða mátt vita að hálka hefði myndast á svæðinu án þess að bregðast við. Þá liggja ekki fyrir sönnunargögn, svo sem ljósmyndir, lögregluskýrsla eða önnur gögn, sem varpa ljósi á aðstæður á vettvangi eða tímasetningu hálkumyndunar. Að mati nefndarinnar verður ekki byggt á almennum veðurfarsgögnum einum og sér til að telja sannað að X eða starfsmenn þess hafi sýnt af sér saknæma háttsemi. Aðstæður málsins benda fremur til þess að um hafi verið að ræða óhappatilvik við vetraraðstæður þar sem ekki hefur verið sýnt fram á að viðeigandi ráðstafanir hafi skort. Með vísan til framangreinds er það niðurstaða nefndarinnar að M hafi ekki sýnt fram á að slysið megi rekja til saknæmrar háttsemi eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess. Skilyrði bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X hjá V eru því ekki uppfyllt.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 13. janúar 2026
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir